

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um þróun erlendra vaxtatekna og vaxtagjalda.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hver var hlutdeild einstakra viðskiptabanka annars vegar og annarra aðila hins vegar í vaxandi vaxtatekjum og vaxtagjöldum þjóðarbúsins á hverju ári frá 2004–2008?
2. Hver var hlutdeild helstu erlendra fjármálastofnana eftir ríkisfangi í vaxtatekjum og vaxtagjöldum á tímabilinu?
3. Hver er skýring Seðlabanka Íslands á því að miðað við verga landsframleiðslu hafi erlend skuldastaða þjóðarbúsins tvöfaldast á tímabilinu, samkvæmt upplýsingum úr nýlegri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en af hækkun vaxtagjalda eins og þau birtast í peningamálum virðist mega ráða að erlend skuldastaða hafi allt að fimmfaldast?

Skriflegt svar óskast.